

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

Tölublað 5

1. september 2023



Stykkishólmur í ágústmánuði.

Umhverfisvottun EarthCheck 14. árið í röð

Á dögnum hlutu sveitarfélögin á Snæfellsnesi umhverfisvottun EarthCheck fyrir framistöðu i umhverfis- og samfélagsmálum 14. árið í röð. Árlega metur óháður sérfræðingur hvort gögn og starfsemi sveitarfélaganna uppfylli skilyrði endurnýjaðrar vottunar, en kröfurnar

sem þarf að uppfylla aukast með ári hverju. Vottunin í ár kemur eftir vinnu að úrbótum á ýmsum sviðum sveitarfélaganna, einkum mengunarvarna. Hið árlega vottunarferli vegna umhverfisvottunar EarthCheck er umfangsmikið og ekki án áskorana, en það sem

skiptir miklu máli er að sjálfbærnimarkmið og aðgerðir í samræmi við þau séu innlimuð í starfsemina og að flestir hagaðilar á svæðinu vinni saman með framtíð umhverfis og samfélags að leiðarljósi. Vöktun á auðlindanotkun, úrgangsglösun og samfélagslegri stöðu, t.d.

atvinnuleysi, íbúafjölda eða fjölda ferðafólks eru meðal þeirra atriða sem umhverfisvottunarverkefni sveitarfélaganna heldur utan um. Einnig eru önnur atriði metin sem stuðla að sjálfbærri þróun, t.d aðgerðir gegn mengun og ágengum tegundum og gagnsæmskipti við íbúa.



Siglingadeildin naut vinsælda í sumar

Í júnímánuði hélt Siglingadeild Snæfells fjögur námskeið fyrir börn á aldrinum 10 – 15 ára þar sem farið var í grunnþætti siglinga á Topaz skútum, kynnst kajak siglingum og sullað í sjónum. Námskeiðin voru öll vel sótt og tókst vel til. Leiðbeinendur á námskeiðunum

voru ungmenni á vegum vinnuskóla sveitarfélagsins. Ungmennin, þau Ágústa, Íris Ísafold og Guðmundur Gísli, fóru á fjögurra daga þjálfaranámskeið á vegum Siglingasambands Íslands í apríl ásamt Sigrúnu Erlu Eyjólfsdóttur og Ásdísi Árnadóttur. Kennarinn

á námskeiðinu var Rob Holden fyrrum fræðslu og þróunarstjóri Alþjóða Siglingasambandsins. Í framhaldi af námskeiðinu heimsótti hann Stykkishólm í júní og fylgdi leiðbeinendum eftir í sinni vinnu. Það var mikil lyftistöng fyrir siglingadeildina að fá Rob í heimsókn.

Siglingadeildin skilar sérstöku þakklæti til eftirfarandi aðila: Nesbrauð, Skúrinn, Sjávarpakkhúsið, Sjávarborg og Kristján the captain. Jafnframt er Skipavík, Björgunarsveitinni Berserkjum, Guðbrandi, Símoni og Gestu Hólm þakkað fyrir að útvega búnað og Magnúsi Bæringssyni þakkað fyrir sinn stuðning. Siglingadeildin á nú fjórar Topaz skútur sem komnar eru til ára sinna. Jafnframt á deildin fjóra kajaka og nokkur gömul seglbretti. Næstu skref siglingadeildarinnar eru að koma upp varanlegu aðstöðuhúsi á bryggjunni svo hægt sé að geyma búnaðinn þar og stunda siglingar þegar vel viðrar. Að lokum skilar siglingadeildin þakklæti fyrir frábærar viðtökur á námskeiðunum í sumar.

Skólasetning 22. ágúst sl.



Grunnskólinn í Stykkishólmi var settur þriðjudaginn 22. ágúst síðastliðinn undir forystu Heimis Eyvindasonar sem tók við stöðu skólustjóra nýverið. Foreldrum og forráðamönnum nemenda 1. bekkjar var boðið á

skólasetninguna ásamt nemendum. Hefðbundin kennsla hófst svo daginn eftir samkvæmt stundatöflu. Kennsla við Tónlistarskóla Stykkishólms hófst einnig sama dag og þá opnaði jafnframt Regnbogaland fyrir sína þjónustu.

Rennibraut í viðgerð



Viðgerð á rennibraut á Lágholtsróló er lokið og verður rennibrautin sett aftur upp á svæðinu um leið og fráveituframkvæmdum þar er lokið. Rennibrautin er hluti af kastala sem smíðaður var hér í Hólminum af Öspinni sem var og

hét. Þótti því ekki annað koma til greina en að lagfæra þessa braut, í ljósi þess að hún er hluti af atvinnu- og menningarsögu sveitarfélagsins, frekar en kaupa nýja. En þess má geta að öll leiktækin á Lágholtsróló voru smíðuð hér í bæ.



Ný leiktæki vöktu lukku hjá leikskólabörnum.



Endurbætur á leikskólalóð

Starf Leikskólans í Stykkishólmi er nú hafið aftur eftir sumarfrí. Ætla má að yngstu börnin hafi verið sérlega ánægð þegar þau mættu til skóla og við blasti ný og endurbætt leikskólalóð. Nýverið var lokið við frágang á lóðinni við nýja viðbyggingu skólans sem ætluð er yngstu börnunum. Á lóðinni er fagurgrænt

gervigras í bland við gúmmihellur og ný og spennandi leiktæki. Gróður á svæðinu var tekinn upp og girðing færð út að gangstétt svo hægt væri að nýta svæðið betur undir leik og starf. Í leikskólanum eru nú rúmlega 80 börn og því mikið líf og fjör á svæðinu þegar börnin bregða sér út í leik.



Samráðsfundur um leikskólastarf

Þann 15. ágúst síðastliðinn var efnt til fundar um styrkingu leikskólastarfs í Stykkishólmi. Fundurinn var opin og öllum frjálst að skrá sig og taka þátt í vinnunni.

Þátttakendum fundarins var skipt upp í hópa og ræddi hver hópur styrkleika, veikleika, ógnir og tækifæri í leikskólastarfi í Stykkishólmi. Vinnan á fundinum er

grunnur að skýrslu sem er nú unnin fyrir leikskólann.

Markmið sveitarfélagsins er að eiga skóla og frístundastarf sem

einkennist af fjölbreyttu og skapandi starfi þar sem stöðugt er unnið að umbótum af mennaði. Velliðan barna og starfsfólks, einstaklingsmiðað nám og góður námsárangur skal vera í fyrirrúmi. Styrkja þarf leikskólann, bæta starfsaðstæður og skapa aukinn skilning og samstöðu um mikilvægi fyrsta skólastigsins og virðingu fyrir því. Leita þarf allra leiða til að laða að fleira fagmenntað starfsfólk að leikskólanum, sem og að styðja ófaglært starfsfólk til menntunar.



Öryggi á Súgandisey bætt.

Framkvæmdir hafnar í Súgandisey

Eins og þekkt er hefur sveitarfélagið fengið rausnarlega styrki úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða til uppbyggingar og framkvæmda í Súgandisey. Í upphafi fékkst tæplega 4 milljóna króna styrkur fyrir hönnunarsamkeppni á útsýnisstað í Súgandisey, efnt var til

samkeppni og varð tillagan Fjöregg hlutskörpust í þeirri keppni. Þegar vinningstillagan lá fyrir fékk sveitarfélagið tæpar 25 milljónir króna úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða til deiliskipulagsgerðar og við gerð útsýnissvæðis á Súgandisey. Síðar fékk sveitarfélagið annan sty-

rk, tæpar 16 milljónir, úr sjóðnum fyrir áframhaldandi vinnu í samræmi við vinningstillöguna. Verkefnið er stórt og umfangsmikið og mikil hönnunarvinna að baki. Nú standa yfir framkvæmdir á eyjunni en unnið er að því að setja upp bogadregið handrið austanmegin á eyjunni

sem gefur fólki kost á því að skoða Stöngina, bergdrangann, sem stendur austan við eyjuna. Framkvæmdin er liður í því að dreifa álagi á eyjunni þegar margir sækja hana á sama tíma og um leið auka öryggi gesta.





Tillagan sem unnið er eftir

Vonast eftir að fjöreggið fari upp næsta vor

Einhverjar tafir urðu í verkfræðihönnun fjöreggsins þar sem verkefnið er afar flókið og allt kapp lagt á að vanda til verka þannig að sem minnst rask verði á svæðinu. Verkefnið krafðist aðkomu sérfræðiútreikninga vegna burðarþols klapparinnar en einnig var unnin

sérstök verkfræðiúttekt á burðarvirki m.t.t. vindþols. Reiknað er með að fullnaðarhönnun liggi fyrir fljótlega og teikningar sendar til framleiðanda í kjölfarið. Vonir standa til að fjöreggið verði sett upp í Súgandisey næsta sumar.

Ferðamaðurinn áhugasamur um framkvæmdirnar

Eins og sjá má á myndunum hér að neðan eru framkvæmdir hafnar á svæðinu og má hér að ofan sjá myndir af tillögunni eins og hún var sett fram í upphafi og stöðunni nú til samburðar. Jón Aðalsteinson smíðaði handriðið og kom því upp í eyjun-

ni með dyggri aðstoð frá Þ.B Borg. Aðstæður við verkið eru krefjandi og þurftu menn því að vera í öryggislinu við hluta verksins. Þá er ljóst að verkefnið vekur mikla lukku á meðal ferðamanna sem sýna framkvæmdum töluverða athygli nú þegar.





Nýtt hjúkrunarheimili að Austurgötu 7

Tíðinda af flutningum enn beðið

Stefnt var að flutningum hjúkrunarheimilis frá Skólastíg 14 að Austurgötu 7, HVE, síðastliðin mánaðamót. Því miður gengu þessar fyrirætlanir ekki eftir og er tíðinda af flutningum enn beðið. Öryggisúttekt á húsnæðinu fór fram 30. ágúst síðast-

liðinn og má því gera ráð fyrir frekari fréttum innan skamms. Samkvæmt forstjóra HVE munu flutningar fara fram strax í kjölfar þess að verktaki afhendir HVE húsnæðið.

Eftir flutninga mun sveitarfélagið reka

mötuneyti sem eldar fyrir eldri borgara og grunnskólann í húsnæði sínu að Skólastíg 14. Frestun á flutningum hjúkrunarheimils hefur því orðið til þess að sveitarfélagið hefur ekki húsnæði til umráða til að reka mötuneyti og hefur því grunnskó-

linn óskað eftir að börn komi með hádegismat að heiman á meðan þessi staða er uppi. Næmendum stendur þó til boða að fá hafragraut í morgunhressingu. Gert er ráð fyrir að rekstur á mötuneytinu geti hafist um miðjan septembermánuð.



Sigurður Grétar sinnir nú viðhaldi á eignum sveitarfélagsins einn og óstuddur.

Sigurður fyllir spor Jóns

Jón Salómon, starfsmaður eignasjóðs, lét af störfum nú í sumar. Jón hóf störf hjá sveitarfélaginu árið 2017 og var þá Bergi Hjaltalín til halds og trausts. Eftir að Bergur lét af störfum 2021 tók Jón við keflinu og Sigurður Grétar kom inn Jóni til halds og trausts. Nú hefur því Sigurður Grétar tekið við keflinu af Jóni og sinnir hann viðhaldsverkefnum á eignum sveit-

arfélagsins. Jóni er þakkað fyrir vel unnin störf í þágu samfélagsins og gott samstarf.

Hér til hliðar má sjá myndir af annars vegar Sigurði Grétari einum og óstuddum og hins vegar af Jóni Salómon ábúðarfullum á svip á síðasta starfsdegi Bergs Hjaltalín. Eins og myndin sýnir gaumgæfilega var öllu léttara yfir Bergi þann daginn.



Carrin Patman, sendiherra bandaríkjanna, heimsótti Stykkishólm fyrir skemmstu.

Sendiherra Bandaríkjanna í Stykkishólmi

Sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, Carrin F. Patman, heimsótti Stykkishólm í ágúst. Patman tók við embætti sendiherra 7. ágúst 2022. Áður hafði hún

verið stjórnarformaður almenningssamgangna í Harris-sýslu í Texas sem er sú þriðja fjölmennasta í Bandaríkjunum. Einnig var hún einn eigenda lögfræðistofunnar

Bracewell LLP og starfaði þar í þrjú áratugi. Patman og föruneysi hennar snæddu hádegisverð á Narfeyrarstofu með bæjarstjóra, forseta bæjarstjórar og

skipulagsfulltrúa. Að því loknu spókaði sendiherra sig um bæinn í mildu veðri og skoðaði meðal annars Norska húsið, Æðarsetrið, Gallerí Lunda og Vatnasafn.

Aðgengi bætt að íþróttasal



Sigurður Grétar og bæjarstjóri taka út nýtt malbik við íþróttahúsið.

Malbikun Akureyrar lét til sín taka á Snæfellsnesi nýverið. Í Stykkishólmi var til að mynda malbikað frá rampinum aftan við íþróttamiðstöð og að stúkunni til að bæta aðgengi að íþróttasalnum. Með því er

leitast eftir að bæta aðgengi viðbragðsaðila, sjúkrabíls og slökkviliðs, að íþróttasal. Þeir sem halda viðburði í íþróttahúsinu njóta einnig góðs af þeim framkvæmdum, svo sem eins og þorrablótnefnd

og fleiri. Þá var einnig malbikað á Silfurgötu, við Búðanes og við Austurgötu 7 þar sem keyrt er upp að nýja hjúkrunarheimilinu svo eitthvað sé nefnt. Þá var einnig gengið frá minniháttar viðgerðum hér og þar.

Vinnuskóla lokið í ár

Vinnuskólinn gerði sér glaðan dag eftir vel unnin störf í sumar. Áður en vinnuskólanum var slitið var haldin grillveisla og boðið uppá ýmsa skemmtun fyrir ungmennin. Meðal annars var boðið upp á froðurennibraut og leiksýninguna flokkstjórinn í síðustu vinnuvikunni. Sveitarfélagið þakkar öllum þeim ungmennum sem tóku þátt í vinnuskólanum fyrir vel unnin störf í sumar en bærinn var afar snyrtilegur og okkur Hólmu- rum til sóma.



Kosið í dreifbýlisráð í september

Kosið verður í dreifbýlisráð dagana 9. og 23. september í Félagsheimilinu Skildi í Helgafellssveit.

Strax í upphaf þessa kjörtímabils hófst undirbúningur hins sameinaða sveitarfélags á breytingum á samþykkt um stjórn þess og var gengið frá þeim breytingum með síðari umræðu í ágúst 2022. Í kjölfarið kom í ljós að um sumarið hafði verið lögfest lagaákvæði sem kvað um setningu reglna um framkvæmd

íbúakosninga sveitarfélaga og til að tryggja að íbúakosning á vegum sveitarfélags uppfylli grundvallarskilyrði um lýðræðislegar kosningar skuli ráðuneytið setja reglugerð að höfðu samráði við landskjörstjórn þar sem mælt er fyrir um þau lágmarksatriði sem fram skulu koma í reglum sveitarfélaga um íbúakosningar.

Frá þeim tíma kallaði sveitarfélagið reglulega eftir setningu umræddrar reglugerðar þannig að löglega væri hægt

að halda íbúakosningu og setja umrætt dreifbýlisráð á fót. Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra, staðfesti loks nýja reglugerð sem tók gildi 1. apríl 2023 og gat sveitarfélagið í kjölfar þess haldið vinnunni áfram.

Reglur um kosningu í dreifbýlisráð í Sveitarfélaginu Stykkishólmi tóku gildi 8. júní 2023 með birtingu í b-deild Stjórnartíðinda. Á fundi bæjarstjórnar þann 29. júní 2023 var samþykkt að boða til kosninga í

dreifbýlisráð dagana 9. – 23. september nk.

Kosningarrétt í kosningu til dreifbýlisráðs hafa íbúar innan sveitarfélagamarka Helgafellssveitar eins og þeim er lýst á sveitarfélagakorti Landmælinga Íslands frá 2014 og íbúar með búsetu í Ögri.

Kjörgengur í dreifbýlisráð er hver sá sem hefur skráð lögheimili í þeim hluta sveitarfélagsins sem lýst er hér að ofan. Hægt er að kynna sér þetta betur á vefsíðu sveitarfélagsins.